


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 31.01 2017	<b>Námsáætlun NOR103F</b> <b>Vorönn 2017</b>	
Höfundur: BIS		
Samþykkt:		
Síða 1 af 4		

<b>Kennari</b>	Bryndís Inda Stefánsdóttir	<b>Sk.st.</b>	BIS
----------------	----------------------------	---------------	-----

## Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á lestur fjölbreyttra texta til að auka lesskilning og orðaforða. Undirstöðuatriði norskrar málfræði eru rifjuð upp og þau æfð með gagnvirkum æfingum á netinu, rituðu og mæltu máli. Allir fjórir færniþættirnir, lestur, ritun, hlustun og tal, eru þjálfaðir markvist auk þess sem nemendum er leiðbeint í notkun orðabóka og annarra hjálpargagna í tungumálanáminu. Námsstímanum er skipt upp í 6 lotur þar sem hver lota er tvær vikur. Unnið er með ákveðið þema í hverri lotu þar sem allir færniþættirnir eru þjálfaðir og verkefni skilað áður en næsta lota hefst.

## Markmið:

### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- almennum orðaforða sem tengist efni áfangans
- helstu málfræðiatríðum í norsku og nýtt sér það bæði í rituðu og mæltu máli.
- helstu einkennum norskrar tungu í framburði og rituðu máli
- notkun hjálpargagna s.s. orðabóka og leiðréttingarforrita á netinu
- samspili og þróun norðurlandamála

### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa fjölbreytta texta sem tengjast efni áfangans
- skilja talað mál um kunnugleg og minni kunnugleg efni
- tjá sig um valin málefni og geti tekið þátt í samræðum
- rita texta byggða á efni áfangans og gera orðalag texta að sínu
- fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi

### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að (hæfni til að...):

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni, t.d. fréttir og norska sjónvarpsþætti og nýta sér á mismunandi hátt
- nýta grundvallaratriði norskrar málfræði í ritun og tali
- skrifa læsilega texta um ýmis málefni og nýta þann orðaforða sem áfanginn byggir á
- nota viðeigandi orðalag í samskiptum
- þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- geta tekist á við áfangann NOR2036 eða sambærilega áfanga

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 31.01 2017		
Höfundur: BIS		
Síða 2 af 4		
<b>Námsáætlun NOR103F</b>		
<b>Vorönn 2017</b>		


## Námsgögn:

Öll námsgögn birtast á vefsíðu áfangans. Nemendur þurfa ekki að kaupa nein gögn en gott getur verið að prenta út hluta af því sem birtist á vefnum, t.d. kafla í málfræði og lestexta.
Greftegreff, Liv Astrid 1985 (1. utg). Enkel norsk grammatikk. NKS forlaget (á moodle)
Orðabækur að eigin vali. Bent er á bækur sem eru á vefnum.
Vefsíður, m.a. dagblöð og sjónvarp. ( <a href="http://www.nrk.no">www.nrk.no</a> , <a href="http://www.dagbladet.no">www.dagbladet.no</a> o.fl)
Dahl, Roald. Novellesamling, Dypfryst. (á moodle)

## Áætlun um yfirferð:

Áfanganum er skipt upp í 6 lotur/þemu sem hvert um sig er tvær vikur.

<b>Tema 1</b>	Elgen – skogens konge – og hvem er du?
Uke 6-7	Lestur, ritun, hlustun og mælt mál þjálfað. Málfræði: rétt notkun nafnorða (kyn, greinir) Skilaverkefni: Bruk av kilder i tekstskriving. Hvem er du?
<b>Tema 2</b>	Roald Dahl – noveller. Han som person og noen historier!
Uke 8-9	Lestur, ritun, hlustun og mælt mál þjálfað. Málfræði: rétt notkun sagna Skilaverkefni: novelleanalyse og personen Roald Dahl
<b>Tema 3</b>	NRK – radio og TV. Se og høre på radio/TV.
Uke 10-11	Lestur, ritun, hlustun og mælt mál þjálfað. Málfræði: rétt notkun sagna (þátið og núpálegar sagnir) Skilaverkefni: fortelle/skrive om det du har sett/hørt på.
<b>Tema 4</b>	Norge – hvor vil du bo, hvor vil du reise?.
Uke 12- 13	Lestur, ritun, hlustun og mælt mál þjálfað. Málfræði: rétt notkun lýsingarorða Skilaverkefni: Planlegge Norgesreise med hjelp av f.eks. Power Point og lyd.
<b>Tema 5</b>	Kjente Nordmenn
Uke	Lestur, ritun, hlustun og mælt mál þjálfað.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 31.01 2017		
Höfundur: BIS		
Síða 3 af 4		
<b>Námsáætlun NOR103F</b>		
<b>Vorönn 2017</b>		


14-16 (páske)	Málfræði: rétt notkun forsetninga Skilaverkefni: „Mini biografi“ om kjente Nordmenn. Skriftlig eller muntlig levering (valg)
<b>Tema 6</b>	Sommer i Norden
Uke	Lestur, ritun, hlustun og mælt mál þjálfað.
17-18	Málfræði: rétt notkun fornafna Skilaverkefni: Hva gjør nordmenn i sommerferien sin og hva gjør du?
<b>Próf</b>	Próf inni á moodle fyrir þá sem skilað hafa þremur verkefnum og ljúka áfanganum með prófi.
Uke	Prófið byggir á lesnum og ólesnum textum (skilningur), málfræði, ritun og hlustun.
19	

Í lok hverrar lotu er skilaverkefni. Öll eru þau byggð eins upp; unnið er með textann sem er í lotunni t.d. skrifa smá texta sjálf/ur eða útskýra ákveðin orð og hugtök t.d. með því að setja orðin inn í setningar. Þýða hluta textans á íslensku eða svara spurningum upp úr honum. Öll málfræði er á gagnvirku formi og einnig nokkur önnur verkefni. Skriflegum verkefnum er öllum skilað í svo kallaðan skilakassa inn á heimasíðu áfangas.

## Námsmat og vægi námsþátta:

Hver lota inniheldur mismunandi mismunandi þætti. Þar sem um fjaráfangu er að ræða er hlutur mæltis máls minnstur en vægi hvers þáttar er nokkurn veginn svona:

Námsþáttur		Vægi
<b>Lestur</b>	Lesnar eru smásögur, lestextar og fréttir af netinu auk texta sem búnir eru til af kennara, textaðir sjónvarpsþættir og málfræðiútskýringar	<b>40%</b>
<b>Ritun</b>	Í hverri lotu skal skila lokaverkefni og er hluti af því alltaf skriflegur. Nemendur fá alla texta leiðrétta af kennara og í hverri lotu er áhersla á ákveðin málfræðiatræði.	<b>30%</b>
<b>Hlustun og áhorf</b>	Nemendur hlusta á texta sem kennari hefur lesið inn á lagt út á Sound cloud. Einng er hlustað á norskt útvarp og sjónvarp, sem og upplesnar fréttir úr blöðum. Áhorf á ýmsa þætti sem nemendur geta valið eftir áhugsviði. (nrk.no)	<b>20%</b>

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 31.01 2017		
Höfundur: BIS		
Síða 4 af 4		
<b>Námsáætlun NOR103F</b>		
<b>Vorönn 2017</b>		

<b>Mælt mál</b>	Skila skal hljóðskrá í tveimur lokaverkefnum eða hringja til kennara og eiga í samskiptum á norsku.	<b>10%</b>
-----------------	---	------------

<b>Matsform:</b>	<input checked="" type="checkbox"/> <b>Símat</b> <input type="checkbox"/> <b>Lokapróf/valið lokapróf</b> <input type="checkbox"/> <b>Lokaverkefni</b>
<b>Námsmats þættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþáttar</b> <b>Vægi</b>
Lotuskil	Í lok hvernar lotu eru verkefnaskil. Nemandi þarf að skila inn <u>öllum</u> verkefnum til að ljúka áfanganum án prófs.
	<b>Samtals:</b> <b>100%</b>
<b>Annað:</b> Skili nemandi ekki öllum verkefnum þarf hann að taka próf inni á Moodle sem byggir á efnisþáttum áfangans. Prófið er ekki inni í próftöflu en er í vikunni eftir að yfirferð lýkur. Nemendur hafa 48 klst. til að hefja prófið, en þegar farið er inn á það þarf að ljúka því innan tveggja klukkustunda. Til að mega taka prófið þarf að skila þremur verkefnum hið minnsta. Verkefni gilda 60% á móti prófinu sem er þá 40%.	

**Dagsetning: 01.02.2017**

\_\_\_\_\_  
**Undirritun kennara  
staðgengils**

  
\_\_\_\_\_  
**Undirritun brautarstj., fagstj eða**